



SKÓLAHANDBÓK

Fyrir nýnema og foreldra/forráðamenn þeirra.

Upplýsingabæklingur um
starf grunnskólans og þá
þjónustu sem hann býður
upp á

Grunnskóli

Á Íslandi er skólaskylda fyrir öll börn á aldrinum 6 – 16 ára. Það þarf ekki að greiða fyrir að hafa barn í skóla á Íslandi og fá nemendur heitan mat í hádeginu á skólatíma. Hlutverk foreldra í skólagöngu barns er meðal annars:

- að sjá til þess að barnið mæti í skólann og sinni náminu.
- að tilkynna að morgni til skrifstofu skólans ef barnið er veikt.
- að sjá til þess að barnið komi í skólann með hollt og gott nesti og að það sé klætt eftir veðri.
- að fylgjast með því að barnið stundi sitt heimanám.
- að mæta í foreldraviðtöl og á fundi um nám barnsins og skólastarf.
- að virða reglur um útivistartíma barna.
- að sækja formlega um frí frá skóla, þurfi barnið á því að halda.

Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki bæði í leik- og grunnskólagöngu barna og gott samstarf milli heimilis og skóla getur gert gæfumun í velferð og aðlögun barnsins. Ef barn þarfnast sérstaks stuðnings vegna fötlunar, erfiðleika í námi eða félagslegra aðstæðna eða annarra ástæðna þá hafa bæði foreldrar og starfsfólk leikskóla og grunnskóla aðgang að sérfræðingum sem geta aðstoðað og stutt við fjölskyldur.

Útivistarreglur

Útivistarreglurnar eru landslög, foreldrar geta ekki leyft börnum að vera lengur úti en lögin ákveða. Þeir geta hins vegar stýtt útivistartímann, kjósi þeir það.

Til fróðleiks eru hér reglurnar: Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 24:00, nema þau séu á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartíminn um tvær klukkustundir. Aldursmörk þessi miðast við fæðingarár. Sömu reglur gilda um allt land, þetta eru landslög.

Frístundastarf

Mikill meirihluti 6 – 16 ára barna á Íslandi stunda skipulagt félags- og tómstundastarf af einhverju tagi. Rannsóknir sýna að það hefur uppbyggjandi áhrif á líf barna og unglunga.

Frístundaheimili eru starfrækt við flesta grunnskóla á Íslandi fyrir börn á aldrinum 6-9 ára. Á veturna eru þau opin frá því að skóla lýkur til kl. 16:15. Greitt er sérstaklega fyrir þessa þjónustu.

Félagsmiðstöðvar, fyrir börn og unglinga á aldrinum 10 – 16 ára, eru við flesta grunnskóla á Íslandi. Fyrir aldurshópinn 10-12 ára eru í boði margvísleg tómstundarnámskeið og/eða hópastarf einu sinni eða oftár í viku. Fyrir unglinga á aldrinum 13 – 16 ára eru félagsmiðstöðvarnar mikilvægur vettvangur því starfið mættir þörf þeirra fyrir fjölbreytt frítímastarf og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Hægt er að nálgast upplýsingar um opnunartíma og klúbbastarf á heimasíðu Brúarinnar <https://haaleitisskoli.reykjanesbaer.is/nemendur-og-nam/felagsmidstodin-bruin>

Brúin er frábært tækifæri fyrir ungmenni að koma saman, hitta vini og taka þátt í skemmtilegum og uppbyggjandi starfsemi í öruggu og félagslegu umhverfi.

Reykjanesbær greiðir árlega hverju barni sem er í grunnskóla og til 18 ára aldurs kr. 45.000 til niðurgreiðslu á viðurkenndu íþróttá, -tómstunda og listgreinastarfi. Greiðslan getur aldrei orðið hærri en sem nemur kostnaði við námskeið. Skilyrði þess að hægt sé að nýta hvatagreiðslurnar er að um skipulagt starf sé að ræða, sem er stundað undir leiðsögn þjálfara og kennara/leiðbeinanda. Hafi viðkomandi ekki nýtt sér hvatagreiðslur að hluta eða að fullu þá falla eftirstöðvar niður um áramót. Hægt er að sækja um Hvatagreiðslur inn á mittreykjanes.is Skilyrði er að bæði barn og foreldri eigi lögheimili í Reykjanesbæ.

Um Háaleitisskóla

Heimilisfang Háaleitisskóla er Lindarbraut 624, 235 Reykjanesbæ

Símanúmer skólans er 420 3050

Skrifstofa skólans er opin frá klukkan 07:45 og til 15:00.

Símanúmer í Frístund - Krakkaheimum er 616 0041

Skólastjóri er Unnar Stefán Sigurðsson og aðstoðarskólastjóri er Jurgita Milleriene.

Umsjónarmaður skólans er Almar Óli Ágústsson

Skólinn opnar alla daga kl. 07:45 og kennsla hefst kl. 8:15

Háaleitisskóli á Ásbrú var rekinn sem útibú frá Njarðvíkurskóla frá skólaárinu 2008-2009 til skólaársins 2012-2013, frá þeim tíma hefur skólinn verið sjálfstætt rekinn. Sumarið 2008 voru gerðar breytingar á fyrrverandi skólahúsnæði grunnskóla Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og sett þar á stofn grunnskóladeild fyrir nemendur sem eiga heima á Ásbrú. Nemendum hefur fjölgað frá stofnun skólans og eru nú um 400 í 1. - 10. bekk. Vegna fjölgunar á svæðinu hefur skólinn stækkað við sig bæði hvað varðar nemendur og húsnæði eftir þörfum.

Námsgögn eru frí hjá skólanum en foreldrar þurfa eftir sem áður að sjá börnum sínum fyrir skólatösku, sund- og íþróttafatnaði ásamt ritföngum til afnota heima fyrir.

Heimsóknir í skólann

Háaleitisskóli leggur áherslu á að skapa nemendum og starfsfólki eins öruggt og gott náms- og starfsumhverfi og kostur er. Þess vegna biðjum við **alla** gesti okkar á skólatíma um að gera grein fyrir sér og erindi sínu hjá ritara við komuna í skólann. Mikilvægt er að trufla ekki það starf sem fram fer í skólanum. Hlutum sem þarf að koma til nemenda á skólatíma er komið til ritara sem kemur þeim síðan áfram. Með þessu fyrirkomulagi truflum við ekki námsumhverfi nemenda og sýnum starfinu í Háaleitisskóla virðingu.

Umsjónarkennari

Hlutverk umsjónarkennara er mjög mikilvægur í öllu skólastarfi. Umsjónarkennari er mikilvægur tengiliður heimilis og skóla. Hann myndar trúnaðartengsl við nemendur og fylgist vel með líðan, heilsu og námsframvindu hvers og eins. Hægt er að bóka viðtalstíma hjá umsjónarkennara.

Stundvísi

Nemendur eiga að koma stundvíslega í skólann, í allar kennslustundir með þau gögn sem nauðsynleg eru. Foreldrar/forráðamenn tilkynna um veikindi og fjarvistir daglega.

Leyfi

Hægt er að sækja um leyfi til eins dags hjá umsjónarkennara eða ritara skólans. Ef nemandi þarf að fá lengra leyfi þurfa foreldrar/forráðamenn að sækja um það skriflega til skólastjóra. Eyðublöð eru á heimasíðu skólans og hjá ritara einnig er hægt að sækja um leyfi rafrænt á heimasíðu skólans <https://haaleitisskoli.reykjanesbaer.is/hagnytt/beidni-um-leyfi> Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á námi barna sinna á meðan á leyfi stendur. Nemendur sem ekki geta stundað íþróttir þurfa að skila inn læknisvottorði. Einungis er hægt að leiðrétta fjarvistir innan tveggja daga.

Ástundun

Í Háaleitisskóla er ástundun nemenda skráð inn á mentor.is. Mentorkerfið er heildstætt náms- og upplýsingakerfi fyrir alla sem starfa með börnum í skólum og tómstundastarfi.

Eftirtaldir þættir eru inn í ástundunareinkunn:

- **Til fyrirmyndar**
- **Leyfi**
- **Veikindi** tilkynna þarf veikindi daglega.
- **Áhorf** er skráð þegar nemandi t.d. mætir og horfir á í skólaíþróttum. Áhorf þarf að tilkynna til ritara eða íþróttakennara/sundkennara.

- **Of seint** er skráð þar til 20 mínútur eru liðnar af kennslustund, þá lækkar einkunnin um 0,2.
- **Fjarvist** er skráð þegar meira en 20 mínútur eru liðnar af kennslustund, þá lækkar einkunnin um 0,5.
- **Óunnin heimavinna** er skráð hjá nemendum sem eru í 5.-10. bekk, þá lækkar einkunnin um 0,1..
- **Gleymt námsgagn (g)** er skráð ef nemendur eru án viðeigandi fatnaðar fyrir íþrótt- eða sundtíma í öllum bekkjum. Einnig er skráð gleymt námsgagn þegar önnur gögn vantar hjá nemendum sem eru í 5.-10. bekk, þá lækkar einkunnin um 0,1.
- **Vísað út úr tíma (R)** er skráð þegar nemandi sýnir óviðeigandi eða þegar um 3. stigs brot er að ræða, þá lækkar einkunnin um 1,0.

Skólamáltíðir, nesti og drykkir

Í Háaleitisskóla er lögð áhersla á að nemendur borði hollan og góðan mat. Á hverjum morgni býður skólinn uppá hafragraut í matsal skólans nemendum að kostnaðarlausu. Í nestistímum geta nemendur komið með nesti að heiman eða verið í ávaxtaáskrift hjá Skólamat. Hádegismatur er í boði fyrir alla nemendur þeim að kostnaðarlausu. Skólamatur ehf. sér um rekstur mótuneytis og leggur fyrirtækið áherslu á gæði og næringargildi matarins. Nemendur fá hádegismat að kostnaðarlausu en þurfa að skrá sig hjá Skólamat, www.skolamatur.is eða á skrifstofu Skólamatar að lðavöllum 1. Þar er einnig hægt að skrá sig í ávaxtaáskrift gegn gjaldi.

Matseðill skólamötuneytisins er að finna á heimasíðu skólamatar. Afar mikilvægt er að borða hádegismat eigi nemandi að hafa orku til starfs og leiks.

Íþróttir og sund í Háaleitisskóla

Nemendur sækja íþróttir í íþróttahúsi Háaleitisskóla en það er innangengt í það frá skólanum. Nemendur þurfa að hafa meðferðis íþróttaföt og handklæði þegar þau fara í íþróttatíma. Sundkennsla Háaleitisskóla fer fram í Vatnaveröld í Keflavík að Sunnubraut 31 og ferðast nemendur þangað með skólabíl sem er með starfsmanni. Í sundtíma þurfa nemendur að hafa meðferðis sundföt og handklæði í sér tösku.

Námsver

Skólinn er vel búinn af tækjum og aðstaða fyrir nemendur og starfsfólk er góð. Í skólanum eru námsver sem miða að því að mæta hverjum einstakling þar sem hann er staddur og koma til móts við þarfir þeirra sem ekki geta stundað allt nám samhliða sínum árgangi. Ástæður þess geta verið að ýmsum toga en ávallt tilheyrir nemandi sínum heimabekk og hefur sinn umsjónarkennara.

Námsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi starfar í Háaleitisskóla í fullu starfi. Náms- og starfsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda og stendur vörð um velferð þeirra. Hann liðsinnir nemendum í málum er snerta skólavist þeirra og veitir þeim ráðgjöf um hvernig þeir geti fengið úrlausn sinna mála. Náms- og starfsráðgjafi vinnur bæði með einstaklingum og hópum. Náms og starfsráðgjafi er faglegur stuðningsaðili sem vinnur með nemendum til að hjálpa þeim að ná árangri í námi og persónulegum þroska. Helstu hlutverk nemendaráðgjafa eru: Ráðgjöf og stuðningur: Veita nemendum ráðgjöf varðandi námsval, námsaðferðir og áskoranir sem geta haft áhrif á námsárangur þeirra. Áætlanagerð: Aðstoða nemendur við að setja sér markmið og þróa áætlanir til að ná þeim. Þetta getur falið í sér að skipuleggja námstíma, velja réttar námsleiðir og undirbúa sig fyrir próf. Miðlun upplýsinga: Veita upplýsingar um námskeið, námsleiðir, styrki og aðra möguleika sem nemendur geta nýtt sér til að bæta námsárangur sinn og framtíðarmöguleika.

Náms- og starfsráðgjafi vinnur í samstarfi við foreldra eftir því sem við á. Einnig hefur hann samráð og samstarf við aðra sérfræðinga innan eða utan skólans, s.s. sérkennara, hjúkrunarfræðing, skólasálfræðing og vísar málum til þeirra í samráði við nemendur og foreldra. Náms- og starfsráðgjafi er bundinn þagnaskyldu.

Nemendaráðgjafi

Nemendaráðgjafi er faglegur stuðningsaðili sem vinnur með nemendum til að hjálpa þeim að ná árangri í námi og persónulegum þroska.

Nemendaráðgjafi er til staðar fyrir nemendur og veitir stuðning og ráðgjöf þegar þeir glíma við tilfinningalega eða félagslega erfiðleika, persónuleg vandamál eða önnur mál sem geta haft áhrif á vellíðan þeirra. Þetta getur tengst kvíða, sjálfsmynd, streitu, fjölskyldutengslum og fleira. Nemendaráðgjafi vinnur á faglegan hátt út frá styrkleikum einstaklingsins og er til staðar til að tryggja að nemendur fái þann stuðning sem þeir þurfa til að þroskast. Nemendaráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda og talsmaður þeirra og er bundinn þagnarskyldu. Næsti yfirmaður er skólastjóri.

Nemendaráðgjafi er einnig tengiliður farsældar. Tengiliðurinn vinnur með öllum viðeigandi aðilum til að samhæfa þjónustuna sem barnið fær. Þetta felur í sér að koma á fót teymi fagaðila sem vinna saman að því að þróa og fylgja eftir einstaklingsmiðaðri áætlun fyrir barnið. Tengiliður farsældar veitir einnig foreldrum eða forráðamönnum ráðgjöf og stuðning. Hann getur hjálpað til við að leiðbeina fjölskyldum um hvernig best er að nýta þá þjónustu sem er í boði, auk þess að veita upplýsingar og stuðning þegar þörf er á.

Frístundaskólinn

Háaleitisskóli býður upp á Frístundaskóla sem nefnist Krakkaheimar, hann er fyrir nemendur í 1.- 4.bekk eftir að skóladegi lýkur og starfar hann til kl. 16:15. Starfsfólk biður foreldra að virða vistunar tíma barna sinna. Dagskrá frístundaskólans felst í hæfilegu jafnvægi á milli skipulagðrar dagskrár og frjáls leiks, sem er ekki síður mikilvægur fyrir yngstu börn grunnskólans. Dagskráin er skipulögð þar sem hugað er að vali, klúbbastarfi, hreyfingu, fræðslu, upplifun ásamt því að nærast og hvíldar. Líkt og í skólanum er unnið eftir reglum PBS, stuðning við jákvæða hegðun. Sótt er um vistun í frístundaheimili á mittreykjanes.is

Lestrarstefna Háaleitisskóla

Þar sem færni í lestri er undirstaða fyrir allt nám leggur Háaleitisskóli áherslu á lestrarkennslu í 1. – 10. bekk. Við álítum að þó nemendur hafi náð grunntækni í lestri þurfi þeir að halda áfram að bæta sig í þessu mikilvæga fagi. Að vinna með lestur er ferli sem þarf að vera í sífelldri endurskoðun og kennslan þarf þess vegna að taka mið af því sem reynist farsællast hverju sinni. Þjálfunin á að vera sameiginlegt verkefni heimilis og skóla og áherslur taka mið af stöðu nemandans hverju sinni. Í öllum störfum setjum við okkur ákveðin markmið til að stefna að. Í tengslum við lestrarþjálfun skólans eru hraðamarkmið fyrir hvern bekk sem sýna ákveðinn orðafjölda á mínútu. Til að öðlast góðan skilning á texta er ekki nægilegt að lesa mikið. Það þarf einnig að beita markvissum lesskilningsaðferðum. Góður lesskilningur þróast yfirleitt ekki af sjálfu sér. Því er mikilvægt að byrja að kenna fjölbreyttar lesskilningsaðferðir sem efla jafnt; orðaforða, málsskilning, ályktunarhæfni, nýtingu bakgrunnsþekkingar, námsvitund og aðrar þær aðferðir sem efla lesskilning frá upphafi grunnskóla. Lestrarstefnan er skjal sem er í stöðugri þróun sem kennarar Háaleitisskóla vinna eftir. Hún leiðbeinir með lesfímipróf, lesskilningspróf, skímanir og greiningarpróf.

Agastefna Háaleitisskóla

Í Háaleitisskóla er lögð áhersla á jákvæð samskipti milli allra sem þar starfa: nemenda, kennara og alls starfsfólks. Lögð er áhersla á að nemendur fái jákvæða og uppbyggjandi leiðsögn varðandi hegðun og framkomu og áhersla lögð á gagnkvæma virðingu og tillitssemi. Öll höfum við réttindi en einnig skyldur sem við tökum á okkur til að stuðla að góðum skólabrag og starfsanda í skólanum. Með því að bera virðingu hvert fyrir öðru, stuðlum við að vellíðan, gagnkvæmu trausti og samábyrgð og sýnum þannig mannrækt í verki.

Einkunnarorð skólans eru **menntun og mannrækt**. Í skólanum er unnið eftir **reglum PBS** þar sem gildin eru ábyrgð, samvinna og tillitssemi en það er vinnulag sem hefur þann tilgang að hvetja til jákvæðrar hegðunar með kerfisbundnum hætti í stað þess að einblína á neikvæða hegðun.

PBS er þríþætt kerfi sem nær til alls skólasamfélagsins. Það felur í sér stuðningskerfi fyrir bekk, einstaka nemendur og stuðning utan bekkjaraðstæðna. Gert

er ráð fyrir að allir starfsmenn skólans komi að mótun jákvæðrar hegðunar í skólanum. Tilgangurinn með PBS er einkum að auka félagsfærni og efla námsgetu nemenda með því að skilgreina, kenna og styðja við æskilega hegðun. Þá er leitast við að draga úr óæskilegri hegðun með því að móta skýrar reglur um afleiðingar slíkrar hegðunar. Svo góður árangur náist er reynt að samræma aðgerðir starfsfólks skólans sem eykur líkur á að hægt sé að styrkja jákvæða hegðun. Skólanum er skipt upp í svæði þar sem skilgreint er hvaða hegðun er við hæfi. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur viti til hvers er ætlast heldur er það kennt, æft og rífað upp reglulega. Sýni nemandi æskilega hegðun er hún styrkt með einhverjum hætti eins og áður hefur komið fram.

Í agastefnu Háaleitisskóla kemur skýrt fram hvernig brugðist er við agabrotum. Við alvarleg agabrot getur komið til brottvísunar án áminningar. Komi brottvísun til framkvæmda eiga nemandi og forráðamenn hans rétt á andmælum samkvæmt 13. grein stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

	Ábyrgð	Samvinna	Tillitssemi
Gangar	Við göngum á milli svæða	Við stöndum rétt í röðinni	Við göngum rólega hægra megin
Íþróttasalur og búningasklefar	- Við erum rösk í búningasklefanum - Við skilum áhöldum á sinn stað	- Við aðstoðum hvert annað - Við hvetjum hvert annað	Við sýnum íþróttamannsléga-hegðun
Kennslurými	- Við göngum vel um eigur okkar og annarra - Við hlustum af athygli á þann sem talar	- Við réttum upp hönd. - Við aðstoðum hvert annað	- Við göngum hljóðlega um - Við berum virðingu fyrir hvert öðru
Matsalur	- Við bíðum þolinmóð í röðinni - Við sitjum við bekkjarborð	Við göngum frá eftir okkur	Við erum kurteis
Salerni	Við þvolum okkur um hendurnar	Við göngum snyrtilega um salernisaðstöðu	Við sturtum niður og lokum salerni

	• Við hendum pappír í ruslafötu		
Skólalóð	• Við förum strax í bekkjarraðir þegar flautað er • Við leikum okkur á skólalóðinni	• Við virðum leik annarra • Við göngum frá áhöldum	• Við bjóðum öðrum í leik
Skólasamkomur	• Við sitjum kyrr í sætinu okkar • Við sýnum gestum og flytjendum áhuga og virðingu	• Við göngum skipulega í og úr sal • Við tökum þátt þegar við á	• Við klöppum þegar við á
Skólaferðir	• Við bíðum róleg í röð • Við sitjum í sæti og spennum belti • Við	• Við höldum hópinn	• Við leyfum hverjum sem er að sitja við hlið okkar
Öll svæði	Hafa hendur og fætur hjá sér, nota inniröddina og fara eftir fyrirmælum.		

Reglufylki PBS

Skólareglur Háaleitisskóla

Lögum samkvæmt eiga skólar setja skólareglur sem skylt er að fara eftir. Til að starfsandi og skólabragur sé sem bestur í okkar skóla höfum við sett okkur fáar og skýrar reglur

- Við erum stundvís.
- Við komum fram af virðingu, kurteisi og tillitssemi við aðra.
- Nemandi ber ábyrgð á orðum sínum og gerðum.
- Nemandi á að sinna hlutverkum sínum og bera ábyrgð á eigum sínum og skóladóti.
- Nemandi virðir umhverfi sitt.
- Við hugsum vel um heilsu okkar og komum með hollt og gott nesti í skólann.
- Neysla sælgætis og gosdrykkja er ekki leyfð í skólanum.
- Neysla tóbaks, áfengis og annarra ólöglegra vímuefna er bönnuð í skólanum eða á skólalóð. Með tóbaksnotkun er hér átt við sigarettur, nef- og munntóbak, rafrettur (veip) og tóbakslíki.
- Notkun farsíma er ekki leyfð í skólanum eða á skólalóð.
- Yfirhafnir og skófatnað á að setja á viðeigandi staði. Yfirhafnir, húfur og önnur höfuðföt eru ekki leyfð í kennslustundum, í matartímum eða samkomum á sal.

Skólareglur Háaleitisskóla gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans, hvort heldur í kennslu, innan veggja skólans eða utan, á skólaskemmtunum, á skólalóð, vettvangsferðum, félagsstarfi eða ferðalögum.

Viðurlög við brotum á skólareglum

Í Háaleitisskóla er leitast við að hafa skýr og fyrirsjáanleg viðbrögð við brotum á skólareglum. Óæskilegri hegðun hefur verið skipt upp í þrjú stig eftir alvarleika brotsins eða hegðunarfráviksins.

2. og 3. stigs hegðunarfrávik eða brot eru skráð í dagbók nemenda í Mentor. Skráningin auðveldar starfsfólki skólans og foreldrum / forráðamönnum að hafa yfirsýn yfir fjölda hegðunarfrávika eða brota, hvar þau verða og hvenær. Skýrt er kveðið á um hvaða afleiðingar eru við hverju hegðunarfráviki eða broti.

1. stigs hegðunarfrávik

Dæmi um 1. stigs hegðunarfrávik:

- Pras, ögrun, rifrildi
- Truflar athafnir, leiki eða vinnu annarra
 - Vinnur ekki í kennslustund, er óvirkur
- Gengur illa um
 - Snerting; togar eða ýtir öðrum

Framkvæmd og eftirfylgni

- Starfsmaður ræðir einslega við nemanda og hegðunin er leiðrétt eða atvikið er leyst á staðnum. Ef það gerist ekki þá er atvikið skráð á Mentor og umsjónarkennari látinn vita.
- Nemanda er leiðbeint og lögð er áhersla á að hann þekki regluna og sýni vilja til þess að gera betur næst.
- Lögð er áhersla á virðingu og að starfsmaður hrósi nemanda fyrir samvinnu.
 - Umsjónarkennari er látin vita.

Ef nemandi hefur ítrekað sýnt 1. stigs hegðunarfrávik samsvarar það 2. stigs hegðunarfráviki og skal framfylgt samkvæmt því.

2. stigs hegðunarfrávik

Dæmi um 2. stigs hegðunarfrávik

- Særandi eða niðrandi orðbragð
- Ósannsögli, svindl
 - Áreiti, hrekkir, stríðni
 - Neitar að fylgja fyrirmælum
 - Stympingar
 - Siendurtekin brot á 1. stigs hegðunarfráviki

Framkvæmd og eftirfylgni

- Starfsmaður ræðir einslega við nemanda og hegðunin er leiðrétt eða atvikið er leyst á staðnum.
- Nemanda er leiðbeint og lögð er áhersla á að hann þekki regluna og sýni vilja til þess að gera betur næst.
- Lögð er áhersla á virðingu og að starfsmaður hrósi nemanda fyrir samvinnu.

- Umsjónarkennari er látin vita.
- Hegðunin og/eða atvikið er skráð á Mentor einnig hefur kennari samband við foreldra/forráðamenn.

Ef nemandi hefur ítrekað sýnt 2. stigs hegðunarfrávik samsvarar það 3. stigs hegðunarfrávik og skal fylgt eftir samkvæmt því.

3. stigs hegðunarfrávik

Hér er um að ræða alvarleg hegðunarfrávik sem stofna öryggi og vellíðan nemenda og/eða starfsfólks í hættu og leiðir til truflunar á eðlilegu skólastarfi. Ólögleg hegðun er tilkynnt lögreglu.

Dæmi um 3. stigs hegðunarfrávik:

- Ofbeldi
- Slagsmál
- Ógnandi hegðun, áhættuhegðun og alvarlegar ögranir
- Skemmdarverk
- Þjófnaður og nýta búnað ófrjálsri hendi
- Einelti
- Meðferð vopna og eldfæra
- Notkun ávana- og/eða fíkniefna þar með talið áfengi og tóbak.
- Þegar nemandi hvetur annan eindregið til að brjóta af sér eða beita ofbeldi í krafti aldurs- eða þroskamunar
 - Síendurtekin brot á 2. stigs hegðunarfrávik

Framkvæmd og eftirfylgni

Ef 3. stigs hegðunarfrávik á sér stað vísar starfsmaður nemanda samstundis og án umræðu til skólastjórnenda. Skólastjórnandi tekur ákvörðun um farveg málsins. Skólastjórnandi, gerir umsjónarkennara grein fyrir úrvinnsluferlinu eins fljótt og unnt er. Umsjónarkennari eða skólastjórnandi lætur foreldra/forráðamenn vita af hegðunarfrávikinu.

- Þegar nemandi hefur orðið uppvís að einhverju framangreindu er hann tekinn úr aðstæðum og haft samband við foreldra eins fljótt og unnt er. Áhersla er lögð á að funda sé með foreldrum og barni í upphafi næsta skóladags. Nemandi fer ekki inn í bekk fyrr en fundað hefur verið og málið til lykta leitt.

- Skólastjóra er heimilt að vísa nemenda tímabundið úr skóla vegna 3. stigs hegðunarbrotis án áminningar í tvennum tilgangi, annars vegar til að undirstrika alvarleika brotsins og hins vegar til þess að undirbúa lausnarmiðaðan fund með nemanda og foreldrum og þess fagfólks sem þurfa þykir. Oft eru dýpri ástæður að baki en foreldrar og starfsfólk áttar sig á. Sumum hegðunarfrávikum vísar skólastjóri til fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, til Menntaráðs eða til barnaverndaryfirvalda.
- Ef nemandi gerist sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum er heimilt að vísa honum tímabundið úr skóla meðan leitað er úrlausna á hans málum. Foreldrum / forráðamönnum og fræðslufyrirvöldum er tilkynnt tafarlaust um ákvörðun skólastjórnenda. Við vinnslu máls verður farið eftir verklagsreglum Reykjanesbæjar sem fjalla um viðbrögð við skólasóknar- og ástundunarvanda nemanda, viðbrögð við lögbrotum og alvarlegum brotum nemenda á skólareglum, ferils mála vegna brota á skólareglum, ofbeldi og lögbrotum.
- Starfsmönnum skóla er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Í tilvikum sem þessum skal ávallt greina forráðamönnum tafarlaust frá málavöxtum.
- Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skóla, starfsfólks eða skólafélaga sinna. Nemandi ber að bæta það tjón sem hann veldur.

Verði ágreiningur milli forráðamanna og skólans varðandi málefni nemanda og ekki næst samkomulag um úrlausnir getur hvor aðili um sig vísað málinu til skólayfirvalda.

Brottvísun úr kennslustund

Í Háaleitisskóla er kennara heimilt að víkja nemanda úr kennslustund ef hann hefur valdið verulegri truflun og ekki látið segjast við áminningu. Nemandi í 5. – 10. bekk er vísað á skrifstofu skólans þar sem hann bíður kennarans en yngri nemendur verða í umsjá starfsmanna skólans. Sjái kennari fram á að nemandi muni þurfa að bíða lengi skal nemanda fundin námsaðstaða annars staðar en inni í bekk þar til mál hans er tekið til úrlausnar. Mál hans skal leyst samdægurs. Viðkomandi kennari gerir upp málið við nemandann og upplýsir umsjónarkennara um það. Viðkomandi kennari hefur samband við foreldri / forráðamenn. Mál nemenda sem halda áfram að valda öðrum ónæði og óþægindum í kennslustundum og frímínútum þrátt fyrir ítrekuð tilmæli starfsfólks skólans eru tekin til umfjöllunar á lausnateymis- og/eða nemendaverndarráðsfundi og leitað úrlausna í samvinnu við forráðamenn og fagfólk.

Skólasókn

Yfirlit yfir skólasókn er sýnilegt í Mentor. Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn tilkynni skóla um fjarvistir. Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn er mikilvægt að brugðist sé hratt og örugglega við til að stuðla að bættri skólasókn.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda skal skoða ástundun nemandans síðustu þrjá skólamánuði, með sérstöku tilliti til dreifingu fjarvistanna (sbr. einstaka fjarvistir yfir langan tíma, margar fjarvistir yfir stuttan tíma). Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Gott er að styðjast við viðmið um fjölda fjarvista við hvert þrep, en einnig er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers og eins nemanda.

Reykjanesbær hefur sett fram samræmdar reglur um viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar nemenda í grunnskóla. Hægt er að kynna sér þær reglur betur á heimasíðu Háaleitisskóla <https://haaleitisskoli.reykjanesbaer.is/um-skolann/skolasokn>

Heilsugæsla

Þegar nýtt barn kemur í heiminn er áhersla lögð á að styðja við fjölskylduna. Á öllum heilsugæslustöðvum er hægt að fá heilsuvernd fyrir barnið þitt til 16 ára aldurs. Þessi þjónusta felur meðal annars í sér bólusetningar frá þriggja mánaða aldri og allar lækni skoðanir frá því að barnið fæðist. Þessi þjónusta er foreldrum að kostnaðarlausu. Starfsfólk heilsugæslustöðvanna gefur góð ráð um heilsu og uppeldi eða segir þér/ykkur hvert best er að leita ef þörf er á frekari aðstoð. Þegar barnið byrjar í skóla sér heilsugæslan einnig um heilsuvernd barnsins endurgjaldslaust. Heilsugæslan býður upp á foreldanámskeið þar sem kenndar eru uppeldisaðferðir sem virka og stuðla að góðu samstarfi milli barna og foreldra. Upplýsingar um þetta og fleiri námskeið er að finna hjá heilsugæslustöðvunum. Upplýsingar um allar heilsugæslustöðvar á Íslandi er hægt að finna á www.island.is sem er vefsíða þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um allar opinberar stofnanir og þjónustu á Íslandi. Á vef Embættis landlæknis er svo að finna ítarlegar upplýsingar um tannvernd barna. Upplýsingarnar eru á nokkrum tungumálum. Slóðin þar sem nálgast má þessar upplýsingar er <https://island.is/tannvernd>

Skólaheilsugæsla

Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmiðið er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Starfsemi heilsuverndar skólabarna er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Í henni felast heilsufarsskoðanir, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemanda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans.

Skólahjúkrunarfræðingur

Skólahjúkrunarfræðingur Háaleitisskóla er með viðveru í skólanum á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum frá kl. 09:00 – 14:00. Sími er 420-1450. Netfangið er haaleitisskoli@hss.is

Lyfjagjafir: Þurfi börn að taka lyf á skólatíma er foreldrum bent á að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing og kynna sér tilmæli Landlæknis um lyfjagjafir í skólum.

Slys og veikindi: Mikilvægt er að skólahjúkrunarfræðingar viti af börnum sem eru með langvinnan og/eða lífshættulegan sjúkdóm, s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma. Veitt er fyrsta hjálp í skólanum og minniháttar slysum sinnt. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af skólahjúkrunarfræðingi.

Hvert get ég leitað?

- Neyðarlínan 112: Allir geta hringt í 112 og úr öllum sínum. Samband næst við 112 þó ekkert símakort sé í símanum, engin inneign eða símareikningur ógreiddur.
- Mitt Reykjanes, <https://www.mittreykjanes.is> gerir þér kleift að reka erindi þín við Reykjanesbæ á rafrænan máta þegar þér hentar. Hér getur þú fyllt út umsóknir og sent inn til afgreiðslu, tekið þátt í samráði, könnunum eða sent inn formleg erindi svo eitthvað sé nefnt.
- www.island.is: Á þessari vefsíðu er að finna upplýsingar um opinberar stofnanir á Íslandi og þjónustu þeirra. Vefsíðan er á íslensku og ensku.
- Landsamtök foreldra, <http://www.heimiliogskoli.is/>
- Fjölskyldumiðstöðin, <http://www.barnivanda.is/>
- Heimasíða Félags- og húsnæðismálaráðuneytis <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/felags-og-husnaedismalaraduneytid/>
- Fyrstu skrefin <https://www.velferdarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3516> bæklingur sem veitir allar nauðsynlegustu upplýsingarnar um íslenskt samfélag
- Fjölmeningarsetur www.mcc.is Á vefsíðu Fjölmeningarseturs er meðal annars að finna orðskýringar á ýmsum íslenskum orðum á fjölmörgum tungumálum. Einnig er þar að finna númer í upplýsingasíma á átta tungumálum.
- Upplýsingar um túlkþjónustu <http://www.ici.is/>

- Upplýsingar um Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum <http://www.mss.is/> en þar fer t.d. íslenskukennsla fyrir fullorðna fram.